Fjármálavit

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 1

1

Veldu þér **a.m.k. 1 fyrirtæki** á íslenska hlutabréfamarkaðnum og að hámarki 5. Þú ræður hversu mikið þú kaupir í hverju fyrirtæki en þú mátt ekki nota meira en **500.000 kr.** Ef þú notar minna getur þú sett afganginn á bankareikning.

2

Þegar þú hefur valið upphæð og fyrirtæki finnur þú gengið á því fyrirtæki á t.d. **keldan.is**. Segjum að þú ætlir að kaupa fyrir 100.000 í fyrirtæki A og að gengið á A sé 7 þá deilir þú 100.000 með sjö og færð út hversu marga hluti þú færð fyrir 100.000.

100.000 / 7 = 14.285,7 hlutir

3

Næst setur þú fjölda hluta og gengi í réttan reit í Excel-skjalið og þá ætti að birtast sjálfkrafa 100.000 í reitnum **Heildar virði**.

Þegar þetta er búið breytir þú reitnum **fyrirtæki 1** í nafnið á því fyrirtæki sem þú valdir.

4

Næst er komið að erlenda hlutanum. Þú velur eins og áður eitt til fimm fyrirtæki á listanum **S&P 500** sem er listi yfir 500 stærstu fyrirtæki sem skráð eru í Bandaríkjunum. Þú verður að byrja á því að vita hversu miklu þú vilt nota í einstakt fyrirtæki og deila með gengi dollars í þá upphæð, t.d. 100.000 deilt með 135 sem myndi gefa þér um 740 dollara. Því næst flettir þú upp genginu á fyrirtækinu sem þú vilt kaupa í og reiknar þannig út hversu marga hluti þú færð fyrir 740 dollara.

Það er hægt að nálgast gengi á þeim bréfum t.d. á slóðinni:
http://www.barchart.com/stocks/sp500.php.

Dæmi: Apple

Ef þú vilt kaupa fyrir 100.000 í Apple þá byrjar þú á því að sjá hvað þú færð marga dollara fyrir það með því að deila 100.000 með nýjasta gengi dollars, t.d.:

100.000 / 135 = 740,74 dollarar

Næst deilir þú 740,74 með nýjasta gengi Apple sem gæti verið 115. Þá liti dæmið svona út:

740,74 / 115 = 6,4 hlutir

Þú gætir keypt 6,4 hluti í Apple. Þá setur þú þessar upplýsingar í Excel-skjalið og ef allt er rétt gert kemur út tala mjög nálægt 100.000 í reitnum **Heildar virði**.

Til að fá topp einkunn

Til að fá topp einkunn verður allt að vera rétt gert og útskýringarnar fyrir því hvað var valið og hvers vegna verða að vera **sannfærandi**.